

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Áður en núverandi Flateyjarhérað og Djúpavíkurhérað, sem sameina skal öðrum héruðum samkvæmt 1. gr., verða lögð niður og sameinuð öðrum læknishéruðum, skulu þau auglýst laus til umsóknar þrisvar í röð með sömu kjörum og læknar njóta í læknishéruðum þeim, sem um ræðir í 6. gr.

2. Ákvæði 6. gr., 2. mgr. laga þessara koma fyrst til framkvæmda tveimur árum eftir gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

Nr. 44.

21. apríl 1965.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 42 15. júní 1926, um skipströnd og vogrek.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „yfir 200 kr.“ í 2. málsg. 24. gr. laganna komi: yfir 5000 kr.

2. gr.

Í stað orðanna „nemur 500 kr.“ í 1. málsg. 25. gr. laganna komi: nemur 12000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.